# FORELDRAFÉLAG ÁLFTANESSKÓLA
## SKÝRSLA STJÓRNAR

2012-2013

# Foreldrafélag

starfar samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008

9.gr.

„**Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag.** Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.
Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

# Markmið foreldrafélagsins

- Að koma á umræðufundum um skóla- og uppeldismál í samráði við skólann
- Að veita skólanum lið, svo aðstæður til náms og félagslegra starfa verði samkvæmt kröfum hvers tíma
- Að veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólanum
- Að koma á bekkjarfélögum í hverjum bekk innan skólans
- Að koma á samstarfi við foreldrafélög í öðrum skólum

# Stjórn foreldrafélagsins 2012-2013

- **Sigrún Edda Eðvarðsdóttir**, formaður (2010-)
- **Guðríður Kristjánsdóttir**,varaformaður (2010-)
- **Ingólfur Th. Bachman**, gjaldkeri (2012-)
- **Telma Sigtryggsdóttir**, ritari (2009-2013)
- **Eiríkur Ágúst Guðjónsson**, meðstjórnandi (2011-)
- **Linda Pétursdóttir**, meðstjórnandi (2011-)
- **Hafrún Þorvaldsdóttir**, meðstjórnandi (2012-)



# Skólaráð

**Fulltrúar foreldra í skólaráði**

- Guðjón Andri Kárason 2009-2011, 2011-2013
- Ragnhildur Hauksdóttir, 2011-2013
- Jóhanna Snorradóttir, 2012-2014

Skipunartími samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er til tveggja ára í senn.

# Hlutverk skólaráðs

- Samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald
- Tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans.
- Fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstaraáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær eru teknar
- Að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda

# Skoðunarmaður reikninga

- Anney Bæringsdóttir aðalmaður
- Anna Lára Gylfadóttir varamaður

# Helstu verkefni foreldrafélagsins



# September

# Gáfum Álftanesskóla kefli á skólalóð

- Að ósk skólans ☺



# Október

- Gáfum Álftanesskóla 15 hjólagrindur út sinkhúðuðu stáli




Mynd tekin af vef Borgarhjóla

# Fundir með bekkjarfulltrúum

- Héldum þrjá fundi með bekkjarfulltrúum þar sem farið var yfir helstu verkefni foreldrafélagsins og hlutverk bekkjarfulltrúa
- Höfum unnið að því í vetur að skerpa betur á hlutverki bekkjarfulltrúa
- Höfum hvatt bekkjarfulltrúa til að stofna samskiptavettvang fyrir foreldra inn á Facebook til að efla samskipti og umræðu um uppeldis- og skólamál innan hvers árgangs
  - sbr. **Foreldrar *2004* barna á Álftanesi**.

# Foreldrarölt

- Foreldraröltið er framlag foreldra við að gera samfélagið okkar betra og öruggara.
- Foreldrar allra skólastiga taka þátt í verkefninu
- Verklag kynnt á fundi með bekkjarfulltrúum
- Í vetur tókum við í notkun endurskinsvesti sem VÍS gaf okkur
- Síðasta foreldraröltið fyrir skólaslit verður á morgun 31. maí nk.

# Nóvember

# Fyrirlestur með Siggu Dögg um kynfræðslu

- Haldinn 15. nóvember
- Unnið í samstarfi við Félagsmiðstöðina Elítuna
- Skipulag fyrirlestra:
  - Stúlkur í 8.-10. bekk
  - Strákar í 8.-10. bekk
  - Foreldrar barna í Álftanesskóla



# Desember

- Héldum **jóla- og góðgerðardag 1. desember 2012**
- Stærsta verkefni foreldrafélagsins undanfarin 4 ár
- Markmið dagsins hefur verið að skapa vettavang í samfélaginu og leggja góðum málefnum lið
- Öll helstu félagasamtök á Álftanesi koma að deginum á einn eða annan hátt sbr. Lions, Skátafélagið Svanir, Kvenfélagið, Bessastaðakirkja, Foreldrafélög leikskólanna, Álftanesdeild RKÍ, Hestamannafélagið Sóti, Félag eldri borgara og Sveitarfélagið Álftanes

# Jóla- og góðgerðardagurinn

**á Álftanesi, laugardaginn 1. desember kl. 13.00-16.00**

Aðgangur ókeypis!

Allir hjartanlega velkomnir!



Íþróttamiðstöðin Álftanesi

Sveitarfélagið ÁLFTANES

## FJÖLBREYTT DAGSKRÁ:

| | |
|---|---|
| 12.30-13.00 | *Söguferð um Álftanesið* |
| 13.15-13.45 | Setning<br>Álftaneskórinn<br>Dansarar úr Dansskóla Birnu Björnsdóttur sýna dans |
| 13.30-14.00 | *Söguferð um Álftanesið* |
| 14.00-14.30 | Bræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór syngja nokkur lög<br>Tanja og Zumbadívurnar sýna keltneskan kántrýdans og Bollywood dans<br>Birkir Örn og Helga Kristín keppendur í Dans, dans, dans |
| 14.30-14.45 | Kvennakór Garðabæjar<br>Listdans á súlu, Sóley Steinunn keppandi í Dans, dans dans |
| 14.30-15.00 | *Söguferð um Álftanesið* |
| 15.00-15.30 | Hraðbingó Lions<br>Hreimur Örn syngur lög af nýrri sólóplötu sinni; Eftir langa bið |
| 15.30-16.00 | *Söguferð um Álftanesið* |
| 15.30-16.00 | Ávaxtakarfan – Fannar Guðni og Bára syngja fyrir okkur<br>Sigurvegari í Söngkeppni Félagsmiðstöðvarinnar Elítunnar 2012 tekur lagið<br>Latibær |
| 16.15 | *Kveikt á jólatré Álftnesinga - jólasveinar mæta á staðinn* |
| 20.30-22.00 | Skáldavaka í Haukshúsum - nánar auglýst síðar |

Handverkamarkaður, hönnunarvörur, söluborð, kökubasar og margt fleira. Hægt er að panta sölu- og kynningarborð fyrir 28. nóv. nk. Nánari upplýsingar inn á www.alftanes.is

Líknarsjóður Álftaness tekur á móti AUKApakkanum, Álftanesdeild RKÍ tekur á móti fatapokanum. Skátafélagið Svanir verða með mandarínu- og jólatréssölu. Kvenfélagið verður með laufabrauðssölu. Félag eldri borgara verður með myndlistarsýningu og söluvarning. Ungmennafélag Álftaness verður með kynningu á starfsemi félagsins. Hestamannafélagið Sóti kynnir starfsemi sína.

Nemendur í 10. bekk Álftanesskóla verða með kaffisölu til styrktar útskriftarferð þeirra. Nemendur í 7. bekk verða með dekurhorn til styrktar skólaferð þeirra að Reykjum. Nemendur í 4. bekk verða með tombólu, allur ágóði mun renna til góðra málefna. Foreldrafélögin í Holtakoti og Krakkakoti verða með föndurborð fyrir börnin.

Foreldrafélag Álftanesskóla
og hin ýmsu félagasamtök á Álftanesi.



*Ljósmyndir: Sigrún Edda / Eyþór Páll*

# Helstu verkefni nemenda og foreldra þennan dag



- **Kaffisala til styrktar ferðasjóði 10 bekkjar**
- **7. bekkur stóð fyrir dekurhorni**
- **6. bekkur var með jólakortasölu**
- **4. bekkur var með tombólu til styrktar góðgerðarmálum**
- **Söguferð um Álftanesið og söguleikur**

# Afhentum Álftanesskóla bókagjöf

- Í tilefni Jóla- og góðgerðardagsins 2012





# Afhentum Líknarsjóði Álftaness peningagjöf

- Í framhaldi af jóla- og góðgerðardeginum afhentum við Líknarsjóði Álftaness peningagjöf að verðmæti, 250 þúsund en hlutverk Líknarsjóðsins er að veita þeim íbúum sveitarfélagsins aðstoð sem verða fyrir áföllum t.d. vegna slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra óviðráðanlegra orsaka



# Hvatning frá bæjarstjórn Álftaness

- **Að loknum jóla- og góðgerðardegi barst foreldrafélaginu eftirfarandi hvatningarbréf frá bæjarstjórn Álftaness:**

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir formaður foreldrafélags Álftanesskóla.

Á fundi bæjarstjórnar Álftaness þann 20.12.2012 var eftirfarandi samþykkt samhljóða varðandi jóla- og góðgerðardaginn á Álftanesi.

*„Bæjarstjórn tekur undir með fræðslunefnd og þakkar foreldrafélagi Álftanesskóla og öllum þeim félögum og einstaklingum sem að deginum komu. Þessi dagur hefur þróast í hefð í undirbúningi jóla á Álftanesi. Bæjarstjórn hvetur foreldrafélagið til að viðhalda þessari skemmtilegu hefð um ókomna framtíð.”*

Kveðja,

Snorri Finnlaugsson
Bæjarstjóri

Sveitarfélagið Álftanes,
Bjarnastöðum,
225 Álftanesi,

# Janúar

- Formaður foreldrafélagsins sat fyrsta **fund skólanefndar Garðabæjar** á árinu ásamt skólastjóra Álftanesskóla og kynnti starf foreldrafélagsins en fundurinn var haldinn í sal Álftanesskóla þann 15. janúar sl.

- Formaður sat **Skólaþing Garðabæjar**.  Á þinginu rætt hvernig megi auka samfellu í námi barna og ungmenna í Garðabæ frá leikskóla til stúdentsprófs. Skólaþingið var haldið í sal Fjölbrautaskóla Garðabæjar þann 18. janúar sl.

# Grunnstoð

- Í janúar urðum við formlegir aðilar að Grunnstoðum sem er samstarfsvettvangur foreldrafélaga í Garðabæ.
- Formaður og varaformaður stjórnar hafa setið stjórnarfundi Grunnstoða frá í janúar og kynnt sér þennan samstarfsvettvang foreldrafélaga og tekið þátt í starfi Grunnstoða.
- Helstu verkefni Grunnstoða eru:
  - Sameiginlegur fræðslufundur 1x á ári
  - Skyndihjálparnámskeið fyrir foreldra og börn 12 ára og eldri
  - Tveir fundir með bæjarstjóra um áherslur Foreldrafélaganna í bæjarfélaginu

# Febrúar

# Fundur um íþrótta- og skólamál í kjölfar sameiningar sveitarfélaga

Haldinn 5. febrúar í Álftanesskóla.
Gestir fundarins voru Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Kári Jónsson íþróttafulltrúi Garðabæjar.







# Öskudagur

- Héldum Öskudagshátíð  í samstarfi við Félagsmiðstöðina og Álftanesskóla 13. febrúar sl.
- Nemendur í 10. bekkur og foreldar þeirra komu að framkvæmd dagsins, sbr. miðasölu, veitingasölu, ofl.
- Allur ágóði rann í útskriftarsjóð 10 bekkjar
- Foreldrafélagið styrkti hoppukastala

# Öskudagurinn 2013







Drauga-gangur







Vopnabúr



Spákona

# Stjörnuver

## Uppblásinn himinngeimur

## Fyrir nemendur í 3. 6 og 9. bekk





**Foreldrafélagið hefur styrkt þetta verkefni undanfarin ár.**

# Foreldrakönnun um vetrarfrí

- Skólaskrifstofa Garðabæjar í samstarfi við Grunnstoð lagði fyrir foreldra í grunnskólum Garðabæjar könnun á afstöðu þeirra til vetrarfría.

# Mars



# Héldum páskabingó





- **Haldið tvisvar sama daginn**
  - Í íþróttasal fyrir nemendur og foreldra í **1.- 6. bekk**
  - Í hátíðarsal íþróttamiðstöðvar um kvöldið fyrir nemendur í **7.-10. bekk**

**Vel heppnað og mjög góð mæting**

**Foreldrafélagið styrkti ferðasjóð nemenda í 9 bekk.**

- Nemendur í 9 bekk sem aðstoðuðu við skipulagningu og framkvæmd og sáu um:
  - Uppröðun og frágang á salnum
  - Sölu á bingóspjöldum og veitingum




# Apríl

- **Grunnstoð stóð fyrir fræðslufundi 16. apríl í Sjálandsskóla um jákvætt mataruppeldi**



# Maí

- **Stjórn Grunnstoða átti fund 15. maí með bæjarstjóra Garðabæjar** um áherslumál Foreldrafélaganna í bæjarfélaginu.

- **Skyndihjálparnámskeið** á vegum Grunnstoða fyrir foreldra og börn eldri en 12 ára – Haldið 22. maí

  **Áherslur**

  - Tryggja öryggi og 1- 1- 2
  - Losun aðskotahluta úr hálsi
  - Höfuðhögg
  - Bruni

- **Starf foreldrafélagsins var kynnt fyrir verðandi foreldrum barna í 1. bekk**, mánudaginn 27. maí sl.

# Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2013



Mynd tekin af vef Heimilis og skóla

# Foreldrafélagið og Álftanesskóli hlutu tilnefningu

23. *Jóla- og góðgerðardagur*
**Foreldrafélag Álftanesskóla**

Efla samheldni og velvilja meðal Álftnesinga. Verkefnið hefur eflt þann félagsauð sem er til staðar í samfélaginu og mikil samheldni hefur ríkt á þessum degi.

24. *Tombóla til góðgerðarmála*
**Foreldrafélag Álftanesskóla**

Gefa nemendum tækifæri til þess að láta gott af sér leiða og hafa áhrif. Nemendur velja góðgerðarfélög sem afrakstur tombólunnar rennur til.

26. *Kærleikar*
*– vináttudagur á Álftanesi*
**Álftanesskóli**

Láta gott af sér leiða og vekja samfélagið til umhugsunar um uppeldisstefnu skólans sem byggir á hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar



# Bókagjöf til Álftanesskóla

- Foreldrafélagið gaf Álftanesskóla 50 eintök af bókinni Strákurinn í röndóttu náttfötunum eftir John Boyne.
  - Íslenskukennarar í Álftanesskóla óskuðu eftir að eignast árgangasett, 50 eintök af bókinni til að nýta við kennslu og varð Foreldrafélagið við þeirri beiðni.



# Aðalfundur félagsins í maí 2013.

- 



- Öfluga alhliða myndavél er að ræða þar sem hægt er að taka bæði ljósmyndir og videó. Vélin er Canon EOS 650D með 18-135 mm linsu. Með gjöfinni fylgja eftirfarandi „aukahlutir“, stefnuvirkur hljóðnemi, 32 GB minniskort, þrífótur og myndavélataska.

# Önnur mál

- Gefum Álftanesskóla veglega gjöf frá Foreldrafélaginu undir liðnum önnur mál hér á eftir.